

Griðasvæði fyrir seli í Reykjavík

Tillaga:

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur leggur til að selir fái friðhelgi á strandsvæðum og við árósa í Reykjavík. Þar með vill ráðið að allri veiði á bæði land- og útsel verði hætt innan lögsögu borgarinnar. Einnig eru aðilar sem stunda netaveiði í Faxaflóa hvattir til að gera sitt besta til að koma í veg fyrir að selir lendi óvart í netum.

Staða íslenskra selastofna er mjög bágborin og hefur báðum tegundum fækkað mikið en báðar tegundirnar eru skráðar á valista fyrir spendýr sem Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út síðasta haust. Þar er landselur skilgreindur sem tegund í bráðri hættu og útselur sem tegund í hættu.

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur hvetur önnur sveitarfélög einnig til að vernda seli í sínu umdæmi, og þá sérstaklega þar sem selalátur eru staðsett.

Þá vill umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur hvetja umhverfis- og auðlindaráðherra til að flýta fyrir endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar villtra fugla og spendýra, með það að markmiði að veiðistjórnun og verndun á íslenskum selategundum verði felld inn í lög ein og áður lagt hefur verið til, en núverandi staða sela í íslenskum lögum í dag (eða stöðuleysi öllu heldur) er með öllu ólíðandi.

Á sama tíma eru yfirvöld hvött til að auka rannsóknir og efla vöktun á íslenskum selastofnum með tilheyrandi fjármagnsaukningu.

Greinagerð:

Langt er síðan mannskepnan nam land á Íslandi en henni hafa alla tíð fylgt óafturkræf áhrif á vistkerfi landsins. Þau hafa meðal annars birst í breytingum á gróðri og ofveiði á dýrategundum, meðal annars rostungi og geirfugli. Það er gríðarlega mikilvægt að við reynum að minnka fótspor okkar eftir fremsta megni þannig að uppbygging mannvirkja og framleiðsla matvæla eyði ekki búsvæðum annarra tegunda. En fótspor okkar er ekki bara efnislegt heldur líka tengt mengun og útblæstri gróðurhúsalofttegunda. Þannig er nauðsynlegt að við hugum að öllum þeim áhrifum sem mannleg hegðun hefur á vistkerfi landsins, bæði á landi og í sjó. Að friða sel við Íslandsstrendur er löngu tímabær aðgerð þar sem stofnar hans eru verulega hætt komnir og við getum gert betur en svo að leyfa enn einni tegundinni að deyja út við Íslandsstrendur.